



Almannaþingir Árnæssýslu

6. fundur Almannaþingarnefndar Árnæssýslu, haldinn föstudaginn 6. nóvember 2020 kl: 13:00 í fjarfundi.

Mætt:

Sveitarfélagið Árborg

Hveragerðisbær

Grímsnes og Grafningshreppur

Hrunamannahreppur

Flóahreppur

Skeiða- og Gnúpverjahreppur

Bláskógabyggð

Svæðisstjórn björgunarsveita

Lögreglan á Suðurlandi

Lögreglan á Suðurlandi/AÁ

Rauði krossinn

Heilbrigðisstofnun Suðurlands

Almannaþingir/Brunaþingir Árnæssýslu

Sólveig Þorvaldsdóttir

Aldís Hafsteinsdóttir

Björn Kristinn Pálmason

Jón G. Valgeirsson

Eydís Indriðadóttir

Kristófer A. Tómasson

Ásta Stefánsdóttir

Gunnar Ingi Widnes Friðriksson

Kjartan Þorkelsson,

Oddur Árnason,

Margrét Harpa Garðarsdóttir

Björn Ingi Jónsson

Erla Sigurjónsdóttir

Díana Óskarsdóttir,

Baldvina Ýr Hafsteinsdóttir

Pétur Pétursson,

Haukur Grönli og

Unna Björg Ögmundsdóttir

Ásta Stefánsdóttir formaður setur fundinn, býður fólk velkomið og skipar Pétur Pétursson sem fundarstjóra. Fundargerð ritar Unna Björg Ögmundsdóttir.

1. Fræðsluerindi.

Opið öllum kjörnum fulltrúum í sveitarstjórnnum og bæjar-/sveitarstjórnnum.

Gestir fundarins: Eyþór Ólafsson, Hveragerðisbær, Halldóra Hjörleifsdóttir,

Hrunamannahreppur, Helgi S. Haraldsson, Árborg.

a. **Elimar Hauksson, lögfræðingur og starfsmaður dómsmálaráðuneytisins, fjallar um vinnu tengda fyrirhuguðum breytingum á almannavarnalögum nr. 82/2008**

Elimar sagði frá þeirri vinnu sem hann er í við frumvarp vegna breytinga á almannavarnalögum. Um er að ræða meðal annars breytingar á skilgreiningum í lögum, t.d. skilgreiningar á orðinu hættuástand o.þ.h. Einnig eru lagðar til breytingar á 4.kafli laganna sem fjallar um Almannaþingir í héraði og hafa þær breytingar áhrif inn í sveitarfélögin. Hugmyndin er að treysta það samstarf sem þegar er. Lagt er til þríhliða samstarf lögreglustjóra, sveitafélaga og ríkislögreglustjóra við gerð viðbragðsáætlana. Elimar hvetur fundarmenn til að lesa breytingarnar inni á samráðsgáttinni og gera athugasemdir, því fyrr því betra.

b. Rögnvaldur Ólafsson, hjá almannavarnadeild RLS, kynnir helstu áherslur næsta árs í almannavörnum.

Rögnvaldur segir frá því að meðal komandi verkefna hjá almannavörnum sé að skilgreina aðgerðarstjórnir og starfsemi almannavarnanefnda í héraði, er þá horft til þess góða starfs sem hefur verið unnið á Suðurlandi. Einnig verður fræðsla til almennings efld. Stóra verkefnið sem þarf að vinna í er uppfærsla á áhættuskoðunum, en síðustu skoðanir eru frá 2011.

Rögnvaldur sagði frá því að verið sé að skoða útfærslur á æfingum fyrir viðbragðsaðila en vegna Covid er ekki ráðlagt að húa saman mörgum til æfinga. Covid er það verkefni sem tekur mestan tíma og vinnu núna og ómögulegt er að segja hversu lengi það verður.

c. Sólveig Þorvaldsdóttir, fulltrúi Sveitarfélagsins Árborgar í almannavarnanefnd, fjallar um innri störf sveitarfélaga vegna samfélagsraskana.

Sólveig veltir upp hugmyndum um að fá fleiri erindi fyrir sveitastjórnafólk, samskonar og Elimar og Rögnvaldur voru með fyrir á fundinum. Hún nefnir hugmyndir að fá Jón Viðar slökkviliðsstjóra höfuðborgarsvæðisins og framkvæmdastjóra almannavarna á höfuðborgarsvæðinu, til að segja frá hvað almannavarnir á höfuðborgarsvæðinu eru að gera, fá erindi frá félagsþjónustunni og öðrum sveitarfélögum.

Umræður.

Kjartan sagði frá almannavarnavikum sem haldnar voru í öllum sveitarfélögum á Suðurlandi 2016-2017 og velti upp þeirri hugmynd hvort ekki væri rétt að endurtaka þær. Eins þyrfti að skoða þær viðbragðsáætlanir sem eru til og skoða hvort þær hafi verið nýttar í Covid og hvort þörf sé á einhverri endurskoðun.

Ásta bætti við að mögulega væri gott að fá erindi frá frjálsum félagasamtökum einnig.

Fyrri hluta fundarins slitið kl 13:45 og þakkar Ásta fyrir erindin.

2. Mál til kynningar:

a. Fundargerð framkvæmdaráðs almannavarna frá 13.11.19

Engar athugasemdir

b. Fundargerð Almannavarnanefndar Árnessýslu frá 13.11.19

Engar athugasemdir

c. Fundargerð framkvæmdaráðs almannavarna frá 27.01.20

Engar athugasemdir

d. Fundargerð Almannavarnanefndar Árnessýslu frá 3.2.20

Engar athugasemdir

e. Fundargerð framkvæmdaráðs almannavarna frá 08.05.20

Engar athugasemdir

f. Fundargerð framkvæmdaráðs almannavarna frá 23.06.20

Engar athugasemdir

g. Fundargerð framkvæmdaráðs almannavarna frá 28.09.20

Engar athugasemdir

h. Fjárhagsáætlun fyrir árið 2021, sem samþykkt var á fundi framkvæmdaráðs almannavarna 28.09.20, ásamt tillögu Sólveigar Þorvaldsdóttur

Tillaga um breytingar á áður samþykktri fjárhagsáætlun þar sem Lögreglustjórinn á Suðurlandi hefur lækkað kostnað vegna sameiginlegs starfsmann um 50 kr á hvern íbúa.

Sólveig kynnti tillögu sína um að setja fjármagn frekar til eflingar á velferðarþjónustu

samkvæmt LVN leiðbeiningunum en til sameiginlegs starfsmanns með lögreglunni.

Umræður um tillöguna og starf sameiginlegs starfsmanns almannavarnanefnda á Suðurlandi og Lögreglustjórans á Suðurlandi. Fram kom að samstarfið við lögregluna hefur verið farsælt en fundarmenn almennt sammála um að eitt verkefni þurfi ekki að útiloka annað.

Eftirfarandi tillaga lögð fram:

„Almannavarnanefnd Árnessýslu leggur til við Héraðsnefnd Árnesinga að halda áfram samstarfi við lögreglustjóra um sameiginlegan starfsmann. Jafnframt verði framkvæmdaráði AÁ falið að vinna að frekari greiningu og kostnaðarmati á tillögu Sólveigar Þorvaldsdóttur um sameiginlegt verkefni sem snýr að innri störfum sveitarfélaganna, sbr. tillögu nr. 2, dags. 28.09.20.“

Sólveig og Kjartan sitja hjá við atkvæðagreiðsluna.
Bókunin samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 14:26.